

dómslögmanns, kr. 60.000, og réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 179/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Hannesi Höjgaard Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelldur ákærða fyrir brot þau, sem í ákæru greinir. Eru þau færð til réttra refsíákvæða. Ákærði er með dómi þessum sakfelldur fyrir 10 innbrotsbjófnaði. Er andlagi brotanna lýst í héraðsdóminum. Ákærði er sibrotamaður. Ber að vísa til 71., 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun á refsingu hans, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 223 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Sigurðar Inga Margeirssonar. Ákvæði héraðsdóms um fébætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Frá refsivist hans ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 223 daga.

Ákvæði héraðsdóms um fébætur og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 18. maí 1978, „á hendur Hannesi Höjgaard Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, fyrir þjófnaði í Reykjavík (nema annars sé getið) í marsmánuði 1978, svo sem rakið verður:

- 1) Fimmtudaginn 16. braust ákærði inn í íbúð að Efstalandi 2, braut þar upp skúffu og sló eign sinni á tölvuúr.
- 2) Sama dag braust ákærði inn í kjallaraíbúð að Efstalandi 12 og stal sólgleraugum.
- 3) Föstudaginn 17. braust ákærði inn í íbúð að Reynimel 88 og stal þar sparisjóðsbók frá Landsbanka Íslands með 95.787 króna innstæðu, 10 dollurum, 5 sterlingspundum og allt að 300 grískum drökmum. Tók ákærði 95.000 krónur út úr bókinni samdægurs.
- 4) Sunnudaginn 19. braust ákærði inn í íbúð að Álfaskeiði 125 í Hafnarfirði og stal þar 100 dollurum og allt að 30 sterlingspundum.
- 5) Mánudaginn 20. braust ákærði inn í íbúð að Eskihlíð 22 og stal þar 130.000 krónum í peningum.

Telst þetta atferli ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Með ákæru, dagsettri 26. júní 1978, er mál höfðað „á hendur

Hannesi Höjgaard Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst í Reykjavík, fyrir innbrotspjófnaði í júnímánuði 1978, svo sem rakið verður:

- 1) Fimmtudaginn 8. braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 21 við Hjallabraut í Hafnarfirði og stal þar peningakassa með 70.000 krónum í peningum, dönskum og sænskum krónum og þýskum mörkum, jafnvirði allt að 70.000 krónum, tveimur sparisjóðsbókum með lítilli innstæðu auk vasatölvu.
- 2) Sunnudaginn 11. braust ákærði inn í sumarbústaðinn Brekkukot við Hafravatn og stal þar 7.800 krónum í peningum, sjónauka, útvarpstæki og penna.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Þá er mál höfðað með ákæru, dagsettri 7. nóvember 1978, „á hendur Hannesi Höjgaard Jónssyni, gæslufanga. Löngubrekku 21 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, fyrir eftirtaldaðum pjófnaði í ágústmánuði árið 1978:

- 1) Þriðjudaginn 8. braust ákærði inn í mannlausa íbúð að Háaleitisbraut 52 í Reykjavík og stal þar bankabók með 380.000 króna innstæðu og veski með 17.000 krónum og skilríkjum. Ákærði fénytti sé bókina samdægurs og tók út úr henni 140.000 krónur í Útvegsbanka Íslands.
- 2) Þriðjudaginn 22. braust ákærði inn í íbúð að Tjarnarbóli 14 á Seltjarnarnesi og stal þar tveimur bankabókum með samtals 548.202 króna innstæðum ásamt skilríkjum. Ákærði fénytti sér samdægurs aðra bókina og tók út úr henni 140.000 krónur í Útvegsbanka Íslands á Seltjarnarnesi.
- 3) Föstudaginn 25. braust ákærði inn í íbúð að Blikahólum 10 í Reykjavík og stal þar allt að 220 bandarískum dólum, 55 sterlingspundum og 10 vestur-þýskum mörkum.

Telst ofangreint atferli ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Mál þessi voru öll sameinuð hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl. og hafa síðan verið rekin sem eitt mál.

I. Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, rannsóknarlögreglu svo og fram-

burði ákærða hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi eru mála-
vextir þessir:

Fimmtudaginn 16. mars sl. braust ákærði inn í læsta íbúð að Efstalandi 2 í Reykjavík. Spennti hann þar upp skrifborðsskúffu í leit að peningum, en fann, að eigin sögn, ekkert verðmætt nema tölvuúr, sem hann tók með sér, en fleygði síðan í sorptunnu.

Sama dag fór ákærði inn í læsta íbúð að Efstalandi 12 með því að losa lista úr hurðarkarmi og stinga síðan upp skrána með hníf eða skrúfjárn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið úr íbúðinni sólgleraugum.

Þann 17. mars sl. braust ákærði inn í íbúð að Reynimel 88 í Reykjavík á svipaðan hátt og hér að framan greinir. Tók ákærði úr hirslum í skrifborði 10 dollara, fimm ensk pund og gríska peninga, sem voru að sögn eiganda 250—300 drökmur. Enn fremur mun ákærði hafa tekið þarna bankabók á Vegamótaútbú Landsbanka Íslands, farið með bókina í bankann og tekið út úr henni 95.000 kr., en ljósrit af úttektarseðli er lagt fram sem dskj. nr. 9 í máli þessu. Ákærði hefur játað að hafa framið þessi brot.

Þann 19. mars sl. braust ákærði inn í íbúð að Álfaskeiði 125 í Hafnarfirði og stal þar 100 dollurum og 25—30 enskum pundum.

Þann 20. mars sl. braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 22 við Eskihlíð og stal þaðan 130.000 krónum í peningum.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að ákærða var mikið leitað af lögreglu frá 21. mars sl. Var hann handtekinn í samkomuhúsinu Ingólfskaffi í Reykjavík sunnudaginn 16. apríl sl. Kvaðst ákærði þá hafa dvalist á Akureyri frá 22. mars til 15. apríl sl. Var úrskurðað í sakadómi Reykjavíkur þann 16. apríl sl., að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi frá þeim degi til 3. maí s. á. Þann dag, er ákærði skyldi látinn laus úr gæslu, var hann að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins úrskurðaður í sakadómi Reykjavíkur til að sæta áframhaldandi gæslu til 7. júní sl., og var hann látinn laus úr gæslu þann dag.

Þann 26. maí sl. var ákærði dæmdur í sakadómi Kópavogs í 20 mánaða fangelsi, að frádregnum 55 dögum, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi vegna brota á 244. gr., sbr. 20. gr., og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærða var birtur dómur þessi þann 2. júní sl. óskaði hann eftir, að dóminum yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Þann 8. júní sl. kærði Sigríður Lúðvíksdóttir, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, innbrot og þjófnað á peningakassa, sem hún og Ás-

grímur Kristjánsson töldu, að hefði innihaldið 70.000 krónur, erlendan gjaldmiðil að jafnvirði 70.000 krónum íslenskum og 2 sparisjóðsbækur. Þá söknuðu þau einnig vasatölvu, og var ákærði samkvæmt lögregluskýrslu, dskj. nr. 26, bls. 2, með tölvuþessa á sér, er hann var handtekinn nokkrum dögum síðar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í fyrrgreinda íbúð og að hafa stolið þaðan erlendum gjaldeyri, peningakassa og vasatölvu. Ákærði kveðst síðar hafa spennt upp peningakassann og tekið úr honum þá peninga, sem í honum voru. Kvaðst hann ekki hafa talið peningana, en þeir gætu hafa verið 60—70 þúsund krónur. Ekki kvaðst ákærði hafa talið allan erlenda gjaldeyrinn, en hluti hans hefði verið 4—5 hundruð danskar krónur og álíka magn af sænskum krónum.

Þann 11. júlí sl. var komið að ákærða við sumarbústað við Hafravatn, en hann hljóp á brott, er hann varð var við mannaferðir. Leitaði lögregla Hafnarfjarðar og lögreglan í Árbæ ákærða, og fannst hann skammt frá Úlfarsfelli þar sem hann var handtekinn. Hafði ákærði þá í fórum sínum sjónauka, vasatölvu, blekpenna og 55.700 krónur. Saknaði eigandi sumarbústaðarins sjónauka, blekpenna og 7.800 króna í peningum, og þekkti hann muni þá, sem teknir voru af ákærða, sem sína. Þá kvaðst hann einnig sakna útvarpstækis, og hefur ákærði viðurkennt að hafa stolið því og fleygt því í Hafravatn. Voru kærandanum afhentir sjónaukinn, blekpeninn og krónur 7.800, en þær 49.900, sem einnig fundust á ákæranda, er hann var handtekinn, voru afhentar Ásgrími Kristjánssyni, sem ákærði braust inn hjá þann 8. júní sl.

Í sakadómi Reykjavíkur var þann 12. júní sl. úrskurðað, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 2. ágúst sl., og sat hann í gæsluvarðhaldi til þess dags.

Þann 8. ágúst sl. braust ákærði inn í íbúð að Háaleitisbraut 52 í Reykjavík með því að losa lista af hurðarkarmi og stinga síðan með skrúfjárnri upp læsingu. Íbúi í þeirri íbúð, Árni Konráð Bjarnason, saknaði úr skrifborðsskúffu bankabókar á aðalbanka Útvegsbanka Íslands, nr. 59962, og peningaveskis, en í því taldi hann, að verið hefðu 17.000 krónur í peningum og skilríki.

Ákærði viðurkendi við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa tekið þessa muni, en taldi, að í veskinu hefðu verið 12—13 þúsund krónur, sem hann hefði síðar eytt. Fyrir dómi þann 10. nóvember sl. taldi ákærði sig ekki muna, hve miklir peningar hefðu verið í veskinu. Þá hefur komið fram, að ákærði fór í Útvegs-

banka Íslands með bankabók þá, sem nefnd er hér að framan, og tók úr henni krónur 140.000, en ljósrit af úttektarseðli er lagt fram sem dskj. nr. 53, en ákærði viðurkenndi bæði hjá rannsóknarlögreglu svo og fyrir dómi að hafa útfyllt seðil þennan. Ákærði kvaðst hafa notað peningana í eigin þágu og hann hefði síðan fleygt bankabókinni og peningaveskinu. Peningaveski þetta ásamt bankabókinni og persónuskilríkjum Árna Konráðs Bjarnasonar fannst síðan þann 3. september sl. í tómum barnavagni í þvottahúsi að Hverfisgötu 137 í Reykjavík.

Þriðjudaginn 22. ágúst sl. braust ákærði inn í íbúð í fjölbýlishúsi að Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi. Komst ákærði inn í húsið, þar sem útihurð var ólæst, en í íbúðina komst ákærði með því að losa falslista af dyrakarmi og stinga síðan upp skrána. Í íbúðinni fann ákærði 2 bankabækur og skilríki í skúffu, og tók hann þetta með sér. Fór hann í útibú Útvegsbankans á Seltjarnarnesi og tók þar út úr annarri bókinni, sem er nr. 10115 á þann banka, kr. 140.000, en úttektarseðill er lagður fram sem dskj. nr. 43. Kvaðst ákærði hafa eytt peningunum í eigin þágu, en sett síðan bankabækurnar og skilríkin í ónefndan póstkassa í vesturbænum. Var munum þessum síðan komið til eigna þeirra.

Föstudaginn 25. ágúst sl. var brotist inn í íbúð í fjölbýlishúsi að Blikahólum 10, Reykjavík, og þaðan stolið erlendum gjaldeyri. Þar bjó þá Gunnar Jóhannsson. Íbúðin hafði verið mannlauð þann dag, en kona, sem býr í næstu íbúð, hafði veitt því athygli, að rífa var á dyrum að íbúð Gunnars. Heyrði hún skömmu síðar hurðarskell og sá á eftir manni niður stigann og út úr húsinu. Gat hún gefið lýsingu á manninum. Var hún þá fengin til að skoða nokkrar myndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar, en lýsing konunnar gat átt við alla þá, sem á myndunum voru. Taldi konan mynd af ákærða í máli þessu líkjast manni þeim, er hún sá hverfa frá Blikahólum 10 fyrrgreindan dag.

Sama dag var ákærði handtekinn og færður í fangageymslu í Síðumúla.

Er ákærði var yfirheyrður daginn eftir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, vildi hann ekkert segja um það, hvort hann hefði brotist inn í fyrrgreinda íbúð. Er ákærði var yfirheyrður þann 28. ágúst sl. hjá rannsóknarlögreglu, viðurkenndi hann að hafa brotist inn í íbúð í Blikahólum 10 þann 25. ágúst sl. Kvaðst hann hafa komist inn í íbúðina með því að losa huðarlista frá karmi og stinga upp lásinn. Hefði hann leitað peninga og fundið þar og tekið með sér 220 dollara, 25—26 ensk pund og 10 vesturþýsk mörk. Ákærði

sagðist hafa selt gjaldeyririnn fyrir 70.000 kr., en síðan hefði hann eytt hluta af þeirri fjárhæð, en það, sem þá var eftir, hefði hann verið með á sér, er lögreglan handtók hann. Samkvæmt lögregluskýrslu, dskj. nr. 37, voru það 56.700 kr. Gunnar Jóhannsson, kærandi að innbroti þessu, staðfesti, að ekki hefðu verið tekin nema 25 ensk pund, 220 dollarar og 10 vesturbýsk mörk skv. dskj. nr. 38, bls. 3. Þann 26. ágúst sl. var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður þess efnis, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi í allt að 90 dögum með vísan til 1., 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

II. Bótakröfur.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram:

1. Einar Þorkelsson, Efstalandi 2, Reykjavík kr. 35—40.000, sbr. dskj. nr. 4, bls. 2.
2. Sigurður Ingi Margeirsson, Reynimel 88, Reykjavík, 95.000 kr., 10 USA dollarar, 5 ensk pund og 250 drökmur, sbr. dskj. nr. 8, bls. 2.
3. Tómas Guðmarsson, Eskihlíð 22, Reykjavík, kr. 130.000, sbr. dskj. nr. 14, bls. 2.
4. Ásgrímur Kristjánsson, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, kr. 91.100, sbr. dskj. nr. 23, bls. 3.
5. Sverrir Sigurðsson, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800, sbr. dskj. nr. 28, bls. 2.
6. Árni Konráð Bjarnason, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500, sbr. dskj. nr. 52, bls. 2.
7. Gunnar Jóhannesson, Blikahólum 10, kr. 14.954, dskj. nr. 38, bls. 3.

Af ofangreindum fjárhæðum er ekki krafist vaxta.

Ákærði hefur samþykkt allar framkomnar kröfur, en taldi sig ekki geta greitt þær vegna peningaleysis.

Aðrar bótakröfur hafa ekki komið fram, og hefur þó öllum, sem hlut eiga að máli, verið gefinn kostur á að koma þeim að.

Ákærði óskaði eftir að halda uppi vörnum í máli þessu, og var Páll Arnar Pálsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi hans með bréfi, dags. 22. júní 1978.

Skilaði verjandinn skriflegri vörn í réttarhaldi þann 23. nóvember sl., dskj. nr. 54. Krefst hann þess, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að gæsluvarðhaldstími, alls 193 dagar, komi til frádráttar refsingu. Þá krefst verjandinn málsvarnar-

launa sér til handa og að sér verið tildæmd réttargæslulaun, þar sem hann hafi verið réttargæslumaður, þá er ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi.

III. Niðurstöður.

Ákærði hefur játað að hafa framið þau brot, sem í ákæruskjölum greinir, að öðru leyti en því, að í 3. tl. ákæruskjals, dags. 7. nóvember, dskj. nr. 35, er ákært m. a. fyrir þjófnað á 55 sterlingspundum. Í lögregluskýrslu, dskj. nr. 38, bls. 2, telur ákærði, að hann hafi stolið 25—26 sterlingspundum, og á sama dskj., bls. 3, staðfestir kærandinn, að tekin hefðu verið 25 ensk pund. Með hliðsjón af þessu verður ákærði talinn sekur um þjófnað á 25 enskum pundum. Að öðru leyti þykir með játningum ákærða svo og öðrum gögnum málsins nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjölum og er þar réttilega heimfærð til 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæruskjali, dags. 7. nóvember sl., er ákærði talinn til heimilis að Löngubrekku 21, en hann telur sjálfur, að heimilisfang sitt sé að Löngubrekku 22. Eigi þykir þetta misræmi hafa á nokkurn hátt áhrif á niðurstöður málsins.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1974 26/4 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og 248. gr. hegningarlaga.
- 1976 9/4 í Kópavogi: Dómur: 1 árs fangelsi, ÷ 26 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 7/5 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 244. gr. og 246. gr. sömu laga.
- 1978 13/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1978 26/5 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., og 248. gr. hegningarlaga, ÷ 55 daga gæsluvarðhald.

Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök í ákæruskjali, dags. 18. maí 1978, dskj. nr. 2, framdi ákærði í mars 1978, eða áður en dómur féll í sakadómi Kópavogs þann 26. maí sl. Verður honum

því dæmdur hegningarauki fyrir brot þau, sem í nefndri ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu svo og samkvæmt því refsilagaákvæði, sem ákært er eftir, svo og með hliðjón af 71. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði (að hluta hegningarauki). Gæsluvarðhald ákærða frá 16. apríl til 7. júní sl., frá 12. júní til 2. ágúst sl. og frá 26. ágúst til 25. nóvember sl., eða samtals 193 dagar, er rétt, að komi refsivistinni til frádráttar.

Þá dæmist ákærði til greiðslu skaðabóta svo sem hér segir, en ákærði hefur viðurkennt allar framkomnar kröfur.

Ákærði greiði:

Einari Þorkelssyni, Efstalandi 2, Reykjavík kr. 35.000.

Sigurði Inga Margeirssyni, Reynimel 88, Reykjavík, kr. 95.000 auk jafnvirði 10 USA dollara, 5 enskra punda og 250 drakma í íslenskum krónum miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Tómasi Guðmarssyni, Eskihlíð 22, Reykjavík kr. 130.000.

Ásgrími Kristjánssyni, Hjallabraut 21. Hafnarfirði kr. 91.000.

Sverri Sigurðssyni, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800.

Árna Konráði Bjarnasyni, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500.

Gunnari Jóhannessyni, Blikahólum 10, Reykjavík, kr. 14.954.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar héraðsdómslögmanns, svo og réttargæslulaun, sem þykja hæfilega ákveðin samtals kr. 114.000.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi í 8 mánuði að frádregnum 193 dögum, sem ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði bætur sem hér segir:

Einari Þorkelssyni, Efstalandi 2, Reykjavík, kr. 35.000.

Sigurði Inga Margeirssyni, Reynimel 88, Reykjavík, kr. 95.000 auk jafnvirði 10 USA dollara, 5 enskra punda og 250 drakma í íslenskum krónum miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Tómasi Guðmarssyni, Eskihlíð 22, Reykjavík, kr. 130.000.

Ásgrími Kristjánssyni, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, kr. 91.100.

Sverri Sigurðssyni, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800.

Árna Konráði Bjarnasyni, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500.

Gunnari Jóhannssyni, Blikahólum 10, Reykjavík, kr. 14.954.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslulaun til Páls Arnórs Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 114.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 38/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Jóhanni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. mars 1980 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bærust Hæstarétti 10. s. m.

Svo sem málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði, er fram kominn rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi falsað og notfært sér tékka þá, er þar greinir. Varða slík brot við 155. gr. almennra hegningarlaga, og liggur fangelsisrefsing við þeim.

Með þessari athugasemd og skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.